

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar til þess að öðlast gildi 15. mars 2004 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 278, 26. mars 2002, um humarveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. mars 2004.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eyþórsson.

AUGLÝSING

um bann við innflutningi frá Kanada vegna hæsnapestar (Avian Influenza).

1. gr.

Með vísan til þess að upp hefur komið hæsnapest í Kanada, en hæsnapest er skæður fuglasjúkdómur sem dreifst getur með milliríkjaviðskiptum, er sett bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Kanada.

2. gr.

1. gr. á þó ekki við um afurðir fugla sem slátrað var fyrir 17. febrúar 2004.

3. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 6. apríl 2004.

Landbúnaðarráðuneytinu, 11. mars 2004.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.